

## Fundargerð

**55. fundur sveitarstjórnar haldinn í Skjólbrekku,  
24. febrúar 2021, kl. 09:15.**

### Fundinn sátu:

Helgi Héðinsson, Elísabet Sigurðardóttir, Sigurður Böðvarsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Sigurbjörn Reynir Björgvinsson og Sveinn Margeirsson.

**Fundargerð ritaði: Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri.**

### Dagskrá:

#### 1. Fjölmeningarfulltrúi - 2102012

Sigrún Björg Aðalgeirsdóttir sameiginlegur fjölmeningarfulltrúi Skútustaðahrepps, Norðurþings og Þingeyjarsveitar er komin til starfa eftir fæðingarorlof. Sigrún kynnti helstu áhersluatriði framundan í samhengi fjölmeningarstefnu sveitarfélagsins.

*Lagt fram*

#### 2. Gjásstykkissvæðið - tillaga að breytingu friðlýsingarákvæðis - 2102009

Elísabet Sigurðardóttir og Helgi Héðinsson véku af fundi við afgreiðslu þessa liðar. Friðrik Jakobsson tók sæti og Sigurður Böðvarsson tók við stjórn fundar.

Kynnt hefur verið tillaga Umhverfisstofnunar að breytingu á 4. gr. friðlýsingar háhita Gjásstykkissvæðisins í verndarflokki verndar- og orkuýtingaráætlunar. Tillagan hefur verið send hagaðilum skv. ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

*Lagt fram*

#### 3. Úrskurður í máli 52021. samþ. deilis. ferðabjón, Vogum - 2102013

Helgi Héðinsson og Elísabet Sigurðardóttir tóku sæti á fundinum að nýju. Helgi Héðinsson tók við stjórn fundarins.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur vísað frá eftirfarandi kæru: Elín Kristjánsdóttir, eigandi að Björk, kærir þá ákvörðun bæjarstjórnar Skútustaðahrepps frá 9. nóvember 2016 að samþykkja deiliskipulag fyrir ferðabjónustusvæði og frístundabyggð í landi Voga 1. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi.

Árið 2021, föstudaginn 12. febrúar tók Nanna Magnúsdóttir, formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, með heimild í 3. mgr. 3 gr. laga nr. 130/2011, fyrir : Mál nr. 5/2021, kæra á ákvörðun bæjarstjórnar Skútustaðahrepps frá 9. nóvember 2016 um að samþykkja deiliskipulag fyrir ferðabjónustusvæði og

frístundabyggð í langid Voga 1, Skútustaðahreppi. Niðurstaða: málinu vísað frá.  
*Lagt fram*

**4. Dreifing á köldu vatni - Fyrirkomulag og fjárfestingaþörf - 2102020**

Samkvæmt uppfærðri viðhaldsáætlun Skútustaðahrepps er fyrir hendi uppsöfnuð viðhaldsþörf á kaldavatnsveitu. Gerð var áætlun fyrir endurnýjun kaldavatnslagna fyrir 2011-2019, sem ekki var fylgt. Á þessum tíma hefur notkun á köldu vatni í sveitarfélaginu breyst verulega og ástæða til að meta hvort það fyrirkomulag sem er fyrir hendi dugi til að fjármagna nauðsynlegt viðhald. Lagt er til að fyrirkomulag gjaldtöku vegna kaldavatnsveitu verði endurskoðað og lagt mat á nauðsynlega viðhaldsþörf.

*Samþykkt*

**6. Félagsþjónusta Þjónustusamningur við Norðurþing - 1803018**

Fyrir liggur nýr samningur um samvinnu sveitarfélaga á sviði skóla- og sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla.

Einu breytingarnar sem gerðar hafa verið frá fyrri útgáfu eru uppfærslur lögræðings samkvæmt athugasemdum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í frumkvæðisathugun sinni á samningnum frá 2011:

- Ekki er nægilega ítarlega fjallað um hvaða valdheimildir færast til viðkomandi sveitarfélags. (4.tl. 4. mgr. 96. gr. svstjl.)
- Ekki er fjallað um þörf á staðfestingu á ákvörðunum um framkvæmd verkefnis. (6. tl. 4. mgr. 96. gr. svstjl.)
- Ekki er fjallað um hvort sveitarfélagi sé heimilt að gera samning við einkaaðila. (7.t. 4. mgr. 96. gr. svstjl.)
- Ekki er fjallað um upplýsingagjöf til annarra samstarfsaðila. (8.tl. 4. mgr. 96. gr. svstjl.)

Lagt er til að sveitarstjóri fái heimild til undirritunar samningsins.

*Samþykkt*

**7. Skýrsla sveitarstjóra - 1611024**

*Lagt fram*

**9. Skipulagsnefnd: Fundargerðir - 1611022**

Lögð fram fundargerð 31.fundar skipulagsnefndar frá 16. febrúar 2021. Fundargerðin er í 6 liðum.

*Varðandi lið 2: Sveitarstjórn samþykkir fyrirhugaða stækkun á byggingarreit Skútahrauns 2a.*

*Varðandi lið 3: Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið skipulagsnefndar um að ekki eigi að undanskilja skógrækt frá öðrum landbúnaði heldur eigi jarðalögin að ná til almennrar auðlindanýtingar á landi. Sömuleiðis telur nefndin að í jarðalögum ætti að taka til ábyrgðar landeigenda og skilyrða búsetu eða umönnunarskyldu á jörðum.*

*Samþykkt*

**10. Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar - Umsögn um aksturskeppni - 2002020**

Takið fyrir með afbrigðum.

Lagt fram bréf dags. 23. febrúar 2021 frá Akstursíþróttafélagi Mývatnssveitar þar sem óskað er eftir leyfi sveitarfélagsins um að halda snocrosskeppni í Mývatnssveit 13. mars 2020 í samræmi við 3. gr. reglugerðar um akstursíþróttir og aksturskeppnir nr. 507/2007. Keppnin er hluti af Vetrarhátíðinni við Mývatn.

*Sveitarstjórn samþykkir umsóknina samhljóða.*

*Samþykkt*

**8. Skóla- og félagsmálanefnd: Fundargerðir - 1809011**

Lögð fram fundargerð 23. fundar skóla- og félagsmálanefndar dags. 17. febrúar 2021.

Fundargerðin er í fjórum liðum.

Fundi slitið kl. 11:15.

---

Helgi Héðinsson

---

Elísabet Sigurðardóttir

---

Sigurður Böðvarsson

---

Halldór Þorlákur Sigurðsson

---

Dagbjört Bjarnadóttir

---

Sigurbjörn Reynir Björgvinsson

---

Friðrik K. Jakobsson